

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 182/2018

2021/EES/15/10

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/613 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja PHMB (1415; 4.7) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/614 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja asoxýstróbín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9 og 10 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/619 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja ekki PHMB (1415; 4.7) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 5 og 6 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzi (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/622) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzj. **32018 R 0613:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/613 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja PHMB (1415; 4.7) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 (Stjttíð. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 1).

12zzzzzk. **32018 R 0614:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/614 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja asoxýstróbín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9 og 10 (Stjttíð. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 5).

12zzzzzl. **32018 D 0619:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/619 frá 20. apríl 2018 um að samþykkja ekki PHMB (1415; 4.7) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 5 og 6 (Stjttíð. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/613 og (ESB) 2018/614 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/619, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 5.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 21.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.